



Reykjavíkurborg

skrifstofa eigna og atvinnuþróunar

Reykjavík, 20. apríl 2018

R18010148

D-1959

Borgarráð

Brekknáás 9, breyting á kaupsamningi.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki breytingu á áðurgerðri samþykkt um Brekknaás 9, þannig að áhvílandi lán sem Fákur yfirtekur vegna kaupanna, hvíli einnig á eignarhluta Reykjavíkurborgar.

Greinargerð: Borgarráð samþykkti á fundi sínum þann 11. janúar s.l. að Reykjavíkurborg legði til 19 milljónir vegna kaupa á fasteigninni Brekknaás 9 en Fákur myndi leggja til 23 milljónir og húsinu yrði skipt upp með eignaskiptasamningi. Heildarverð eignarinnar var 42 milljónir. Áhvílandi lán við Íslandsbanka að fjárhæð ca. kr. 23. milljónir sem Fákur yfirtekur hvílir á allri eigninni og mun skuldareigandi ekki aflétta því af eignarhluta Reykjavíkurborgar fyrr en það hafi verið greitt töluvert niður. Þangað til því skuldamarki er náð verður lánið áhvílandi á heildareigninni. Hefur Fákur skuldbundið sig til þess að aflýsa láninu síðar og er félaginu óheimilt að selja, veðsetja eða leigja eignina nema með sérstöku samþykki Reykjavíkurborgar á meðan eignarhaldi borgarinnar á eigninni varir, sbr. hjálagða kvaðayfirlýsingu sem þinglýst verður á eignina.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:

Drög að kvaðayfirlýsingu

YFIRLÝSING UM KVÖÐ

Hestamannafélagið Fákur, kt. 520169-2969, er þinglýstur eigandi að fasteigninni að Brekknaási 9, Reykjavík, fastanr. 205-3773, landnr. 112469, en fasteignin var keypt af Brekknaási 9 ehf. með kaupsamningi þess efnis, dags. 12. janúar 2018, sem þinglýst er á eignina, sbr. skjal nr. 441-E-000774/2018. Kaupverðið var 42.000.000 kr., og var að hluta til greitt með framlagi frá Reykjavíkurborg til Hestamannafélagsins Fáks sem nemur 19.000.000 kr., sbr. samþykkt borgarráðs frá 11. janúar 2018, en að öðru leyti með yfirtöku áhvílandi láns við Íslandsbanka hf., sem hvílir á 1. veðrétti eignarinnar, en eftirstöðvar eru ca. 23.000.000 kr., sbr. og nánar 4. gr. kaupsamnings, dags. 18. janúar 2018. **Eignarhlutur Hestamannafélagsins er 23/42 eða 54,8% og Reykjavíkur 19/42 eða 45,2%. Fákur lýsir því yfir að hann beri einn ábyrgð á greiðslu áhvílandi veðskuldar við Íslandsbanka enda er greiðslan Fáks í húsinu innt af hendi með yfirtöku hennar og skal aflýsa því af eignarhluta Reykjavíkurborgar svo fljótt sem auðið verður Afsal skal gert milli Reykjavíkurborgar og Fáks um leið og samþykki Íslandsbanka fæst fyrir því að ákvílandi veðlán, sbr. framangreint hvíli eingöngu á eignarhluta Fáks. Með hliðsjón af framangreindu lýsir Hestamannafélagið Fákur því yfir gagnvart Reykjavíkurborg að hann hafi mótttekið framangreinda fjárhæð frá Reykjavíkurborg vegna kaupa á fasteigninni að sú kvöð skuli hvíla á fasteigninni að óheimilt sé að leigja eða framselja fasteignina, eða ráðstafa henni með öðrum hætti, nema með samþykki Reykjavíkurborgar.**

Þinglýsa skal yfirlýsingu þessari sem kvöð á fasteignina.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Hestamannafélagsins Fáks þann [...].

Reykjavík, [...]

f.h. Hestamannafélagsins Fáks

Hjörtur Bergstad, formaður stjórnar

Vitundarvottar að rétti dagsetningu, undirritun og fjárræði aðila: